

Ágúst Einarsson, prófessor

Grein byggð á erindi í Vestmannaeyjum í tilefni af  
150 ára afmæli Bókasafns Vestmannaeyja 30. júní 2012

## Hin nýja atvinnuháttabylting og Bókasafn Vestmannaeyja

Saga Bókasafns Vestmannaeyja er samofin sögu fjölskyldu minnar. Hér störfuðu afi minn, faðir og bróðir allt sitt líf og hér stofnaði faðir minn bókasafn fyrir starfsfólk sitt sem hafði að geyma bækur sem ég síðar ólst upp við. Það eru því sterk tengsl hingað. Bókasöfn, og þá sérstaklega almenningsbókasöfn, haldast nokkuð í hendur við hina miklu atvinnuháttabyltingu sem gekk yfir landið á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Það var okkar iðnbylting sem var þó nær eitt hundrað og fimmtíu árum seinna á ferðinni en iðnbyltingin í nágrannalöndunum en þar hófst hún með hagnýtingu gufuaflsins og þjóðfélagsbýltingunum miklu eftir miðja átjándu öld.

Það er umhugsunarvert að umrædd þróun fór framhjá okkur allan þennan tíma. Breytingin sem varð á atvinnuháttum á Íslandi, einkum með tilkomu vélbáta í byrjun tuttugustu aldar, er stórkostleg en að vísu ekki einsdæmi í heiminum. Þegar við öðluðumst sjálfstæði, sem var að miklu leyti efnahagslegt sjálfstæði, sem við fengum strax árið 1904 með heimastjórn, hófst þróun sem skilaði okkur mjög góðum lífskjörum á heimsvísu á nokkrum áratugum; lífskjörum sem við höfum haldið fram á þennan dag. Við fórum úr sárafátækt í eina mestu velmegun í heiminum á mjög stuttum tíma og það getum við fyrst og fremst þakkað sjávarútveginum. Hann var mótörinn sem knúði allt áfram og hann gerir það enn, sérstaklega á stöðum eins og í Vestmannaeyjum.


Sagan geymir mörg dæmi um þjóðir sem voru sárafátækar fyrir rúmum eitt hundrað árum og eru það enn þann dag í dag. Við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir gæfu okkar því að við höfðum hokrað hér í neyð og hungri í meira en sex hundruð ár, eða allt frá lokum þjóðveldisins á síðari hluta þrettándu aldar, og lá stundum við að þjóðin hreinlega þurrkaðist út.

Það gerðist þó sem betur fer ekki og mín skoðun er sú að það séu einkum tvær ástæður fyrir því. Önnur er tungumálið, sem við varðveittum nær óbreytt, og hin felst í miðaldarþókmenntum okkar sem voru lesnar af almenningi öldum saman. Þannig héldu þessir tveir þættir, tungumálið og bækurnar, þjóðinni saman og í hugum okkar vorum við alltaf sérstök þjóð, Íslendingar. Hér var gott læsi meðal almennings en það þekktist ekki víða annars staðar. Búseta okkar langt frá öðrum hjálpaði líka til.

Sjálfstæðishetjur okkar á nítjándu öld, sem störfuðu aðallega í Kaupmannahöfn, þeir Baldvin Einarsson, Hannes Hafstein, Jón Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson, Valtýr Guðmundsson og fleiri, blésu þjóðinni sjálfsvirðingu í brjóst, byggða á sögunni, bókunum og málinu. Þess vegna reyndist okkur tiltölulega auðvelt, þegar við fengum efnahagslegt frelsi og betri menntun, að sækja fram á við þegar við tókum að nýta sjóinn í okkar þágu. Það vill oft gleymast að útgerð, jafnvel stórútgerð, var stunduð við Ísland allt frá fjórtándu öld en alla tíð af útlendingum en ekki Íslendingum og reyndar ekki heldur af Dönnum.

Það er tilviljun að landið var ekki gert að þýskri, enskri eða jafnvel franskri nýlendu á fyrri tímum en ástæðan er einföld. Þá var ekki svo mikið að hafa upp úr landinu í verðmætum að það borgaði sig að leggja mikið á sig og hertaka landið og halda því fyrir sig. Ef svo hefði verið hefðu þáverandi stórveldi barist um Ísland.


Það er þó ekki aðeins sjávarútvegurinn sem kom öllu í gang heldur ekki hvað síst menntunin og bækurnar. Skólarnir, sem flestir urðu til í upphafi iðnbyltingarinnar hjá okkur, sköpuðu grunn fyrir sókn og þar skiptu almenningubókasöfnin miklu máli. Áður voru bækur lánaðar öldum saman milli sveitabæja en þorp og bæir byggðust ekki upp að neinu ráði fyrr en með auknum sjávarútvegi og auknu fjármagni í atvinnulífinu.



Mynd 1: Mannfjöldaþróun á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu 1901-2011


Mynd 1 sýnir þróun í mannfjölda á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu í rúma öld, eða frá 1901 til 2011, í eitt hundrað og tíu ár. Í upphafi tímabilsins voru landsmenn tæplega 80.000 talsins en þeim fjölgaði á fimmtíu árum í um 150.000 og meira en tvöfölduðust aftur á næstu sextíu árum. Þróunin á höfuðborgarsvæðinu hefur hins vegar orðið með allt öðrum og örari hætti. Í upphafi tímabilsins bjuggu þar 8.000 manns en þeir áttfölduðust næstu fimmtíu árin og urðu 65.000 en á næstu sextíu árum meira en þrefölduðust íbúar höfuðborgarsvæðisins og voru þeir rúmlega 200.000 talsins í fyrri.

Þetta er mikil fólksfjölgun á einni öld. Talið er að Íslendingar hafi verið um 50.000 þegar við misstum sjálfstæðið seinni hluta þrettándu aldar. Árið 1703, eða fjögur hundruð og fimmtíu árum síðar, vorum við enn um 50.000 talsins. Fjölgunin varð svo 50% næstu tvær aldirnar fram að 1900 en síðan kom sprengingin á tuttugustu öld þegar fjölgunin varð 300%.



Mynd 2: Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum 1901-2011

Mynd 2 sýnir þróunina í íbúafjölda fólks í Vestmannaeyjum í eitt hundrað og tíu ár. Í upphafi þjuggu hér aðeins um 600 manns en þeir tvöfölduðust á tíu árum í rúm 1.300 og á næstu fjörutíu árum þrefaldaðist mannfjöldinn og árið 1950 þjuggu hér um 3.800 manns. Enn fjölgaði í Eyjum og á sjöunda áratug síðustu aldar fór fjöldinn yfir 5.000 manns en síðan fækkaði í 4.500 manns árið 2000 og í 4.200 manns í fyrra þannig að staðan nú er álíka og hún var fyrir fimmtíu árum hvað fólksfjölda varðar. Þetta helst í hendur við hina öru uppbyggingu í sjávarútvegi fyrstu áratugi tuttugustu aldarinnar.



Mynd 3: Hlutfall þjóðarinnar sem býr á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum 1901-2011

Mynd 3 sýnir athyglisverða þróun, eða hlutfall þjóðarinnar sem býr á höfuðborgarsvæðinu og í Vestmannaeyjum þessi eitt hundrað og tíu ár. Í upphafi tímabilsins bjó 0,8% þjóðarinnar hér í Eyjum en það hlutfall hækkaði skjótt í 2,6% árið 1920 og fór hæst yfir 3% árið 1930. Síðan var fjöldinn nokkuð stöðugur í nokkra áratugi, eða um 2,5%, en lækkaði síðan í 2,1% árið 1980, sem er jú eftir gos, og síðan í 1,6% árið 2000 og niður í 1,3% í fyrra eða svipað hlutfall og var fyrir eitt hundrað árum. Þetta er áhyggjuefni.

Þróunin fyrir höfuðborgarsvæðið er mjög athyglisverð. Í upphafi tuttugustu aldar þjuggu 10% af þjóðinni á höfuðborgarsvæðinu en árið 1950 er þetta hlutfall orðið 45% en gífurlegir búferlaflutningar alls staðar af landinu voru frá landsbyggð til höfuðborgar á fyrstu áratugum aldarinnar. Þessi þróun hélt hins vegar áfram og nú búa um 2/3 hlutar þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Það er nær einsdæmi í heiminum að svo hátt hlutfall af þjóð búi á sama blettinum.

Ef miðað er við klukkutímaakstur frá miðborg Reykjavíkur búa meira að segja  $\frac{3}{4}$  hlutar landsmanna á því svæði. Ísland er því orðið borgríki fyrir þó nokkru síðan og landsbyggðin er einfaldlega nær horfin. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að landið er stórt og þjóðin fámenn en einungis um 80.000 manns búa á um eitt hundrað þúsund ferkílómetrum, eða á nær öllu landinu, utan þessa litla svæðis við Faxaflóann. Strjálbýlið er því gífurlega mikið og þetta hafa Vestmannaeyingar fundið fyrir á síðustu áratugum eins og fleiri landsmenn.

Ég held að einmitt þessar staðreyndir um þróun íbúafjölda kalli á enn meiri áherslu á menntun og menningu, þar á meðal bókasöfn og önnur söfn. Það er ekki auðvelt að átta sig á hagrænum áhrifum Bókasafns Vestmannaeyja. Auðvitað er hægt að líta til fjárframlaga og starfsmannafjölda en það segir ekki alla söguna. Saga bókasafnsins er samofin sögu staðarins en það er ekkert sérstakt vegna þess að það á við um bókasöfn allra staða hérlendis.

Bókasafn Vestmannaeyja hefur þó sérstöðu, meðal annars vegna þess, að Vestmannaeyjar var og er stórt framleiðslusvæði og hér er verðmætasköpun á hvern einstakling með því hæsta sem þekkist á landinu. Gildir það enn þann dag í dag fyrir hinar öfluglu sjávarútvegsstaði. Landsframleiðsla er verðmætasköpun í samfélaginu á einu ári. Sú verðmætasköpun er á þessu ári um 1.600 milljarðar. Sjávarútvegur skilar núna til landsframleiðslunnar um 15%.

Landsframleiðslan á mann er núna um 5 milljónir kr. á ári og hér í Vestmannaeyjum getum við áætlað að hún sé 50% meiri á hvern íbúa vegna hinnar miklu framleiðslu á sjávarafurðum hér. Þetta eru því háar fjárhæðir og ef við gerum ráð fyrir að við getum rakið 0,7% af verðmætasköpun Vestmannaeyinga til bókasafnsins og starfsemi þess og áhrifum safnsins á menntun, afþreyingu og menningu þá eru það um 260 milljónir kr. á ári. Nú fær bókasafnið framlög sem nema nálægt 45 milljónum á ári og má því með sanni segja að bókasafnið sexfaldi þetta framlag í hlutdeild sinni í verðmætasköpun og gera aðrir betur.

Að því ég best veit hefur ekki áður verið lagt mat á hagræn áhrif bókasafna hér á landi. Örfáar erlendar rannsóknir eru til um þessi mál sem styðja þessa niðurstöðu. Í bandarískri rannsókn á framlagi staðbundins bókasafns fengust þær niðurstöður að framlagið fjórfaldaðist í verðmætasköpun og svarar það til útreikninga minna fyrir landið í heild en af því að hér í Vestmannaeyjum er mikil verðmætasköpun á hvern íbúa þá er þetta hlutfall hærra hér. Jafnvel þótt þessi sexföldun væri eitthvað lækkuð breytir það ekki þessari niðurstöðu í grundvallaratriðum. Aðalatriðið er að það er hægt að sýna að almenningubókasöfn hafa gífurlega mikla þýðingu enn þann dag í dag á tíma sjónvarps og tölvu. Allur stuðningur við stofnun eins og Bókasafn Vestmannaeyja er því mjög skynsamlegur eins og reyndar allur stuðningur við menningu og listir.

Hægt er að tala um atvinnuháttabyltingu um þessar mundir með nýjum atvinnuvegum og nýrri tækni, eins og tölvum og netinu, ásamt verulegum framförum innan vísindanna. Síðasta atvinnuháttabyltingin, iðnbyltingin, sem var fyrir gerð að umtalsefni, átti sér stað í Evrópu fyrir um tvö hundruð og fimmtíu árum þannig að núlifandi kynslóðir eru uppi á einu, ef ekki mesta, breytingarskeiði í sögu mannsins. Það felur í sér tækifæri til þess að taka þátt í þessum breytingum.


Í skapandi atvinnugreinum er sköpun í forgrunni. Þær tengjast mannauði mjög mikið þar sem þekking er meginþáttur en einnig fjölbreytileiki og umburðarlyndi. Skapandi atvinnugreinar eru mikilvægur þáttur í efnahagslífinu og þær endurspegla nýja sýn á það. Framlag menningar til landsframleiðslu er um fjögur prósent hérlendis og fer vaxandi á sama tíma og framlag landbúnaðar er um eitt prósent og sjávarútvegs um fimmtán prósent, eins og fyrir var vikið að. Þannig er menning umfangsmikil atvinnugrein hér á landi.

Menningarneysla hérlendis er einnig mjög mikil. Ef Norðurlöndin eru borin saman þá er aðsókn á íbúa mest hérlendis í leikhús, á kvikmyndasýningar, á söfn og í bókaútgáfu af öllum Norðurlöndunum sem eru þó miklar menningarþjóðir. Þetta skapar jarðveg og tækifæri. Það bendir marga til þess að skapandi atvinnugreinar verði þungmiðjan í efnahagslífi marga landa, einkum Vesturlanda, á þessari öld. Sé borið saman við fleiri lönd fæst sama niðurstaða. Mynd 4 sýnir atvinnuþátttöku í menningargeiranum í fimmtán löndum í Evrópu.

Röð	Land	Hlutdeild menningar (%) í atvinnuþátttöku
1	Holland	3.8
2	<b>Ísland</b>	<b>3.8</b>
3	Svíþjóð	3.5
4	Finnland	3.3
5	Bretland	3.1
6	Danmörk	3.0
7	Þýskaland	2.8
8	Sviss	2.7
9	Írland	2.5
	<b>Meðaltal ESB</b>	<b>2.4</b>
10	Austurríki	2.4
11	Noregur	2.2
12	Spánn	2.1
13	Ítalía	2.1
14	Frakkland	2.0
15	Lúxemborg	1.8

Mynd 4: Hlutdeild menningar í atvinnuþátttöku í fimmtán löndum Evrópu


Eins og sést í mynd 4 er atvinnuþátttaka í menningargeiranum hérlandis mjög mikil. Holland og Ísland eru á toppnum með 3,8% af vinnuaflinu í menningargeiranum. Önnur Norðurlönd eru frá 2,2% (Noregur) upp í 3,5% (Svíþjóð). Meðaltal hinna tuttugu og sjö landa Evrópusambandsins er 2,4%, eins og sést í mynd 4, eða aðeins rúm 60% af því sem er hérlandis.



Mynd 5: Listir, menning og skapandi atvinnugreinar

Eins og sést á mynd 5 eru listir hluti af menningu en menning er hluti af skapandi atvinnugreinum og er þessi umgjörð umlukin samfélaginu og efnahagslífinu. Hagfræðin hefur hingað til flokkað framleiðslu í efnahagslífinu í þrjá flokka, það er í frumframleiðslu, iðnaðarframleiðslu og þjónustuframleiðslu. Hér bætist við ný vídd, eða fjórði flokkurinn, sem er skapandi atvinnugreinar, og er hin skapandi stétt einnig skilgreind en það eru þeir

einstaklingar sem starfa í skapandi atvinnugreinum, sbr. mynd 6.



Mynd 6: Hinar fjórar víddir efnahagslífsins

Frumframleiðsla, eins og landbúnaður, var allsráðandi í heiminum fram yfir miðja átjándu öld. Þá kom iðnbyltingin til sögunnar með hagnýtingu gufuaflsins og utanaðkomandi orka kom í fyrsta sinn í miklum mæli inn í samfélag mannsins. Nítjándu öldin einkenndist af iðnaðarframleiðslu og þjónustuframleiðslan var ráðandi á tuttugustu öldinni. Frumframleiðsla er nú lítill hluti af efnahagslífi flestra landa. Niðurstöður rannsókna minna um hlutdeild skapandi atvinnugreina hérlandis voru síðar staðfestar í erlendum rannsóknum. Þessar rannsóknir sýndu að 23-24% af vinnuafla hér á landi er í skapandi atvinnugreinum og er líklegt að þessi geiri vaxi mikið hérlandis á næstu árum.

Þarna eru tækifæri, meðal annars fyrir íbúa Vestmannaeyja. Hluti menningariðnaðar er menningartengd ferðaþjónusta og Vestmannaeyjar eiga eftir að upplifa bætt lífskjör og fjölgun fólks í kjölfar aukningar í ferðaþjónustu hér en það gefast einnig fjölmörg önnur tækifæri. Það sannast hið fornkveðna að sá sem ekki grípur gæsina þegar hún gefst missir einfaldlega af henni og einhver annar grípur hana. Vestmannaeyingar sýndu það fyrir meira en eitt hundrað árum hvernig lítið samfélag gat tekið forystu í atvinnuháttabyltingu þess tíma. Þetta er hægt að gera það aftur í hinni nýju atvinnuháttabyltingu.